



## STJÓRN SSH 432. fundur

Þriðjudaginn 16. ágúst 2016, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson  
Fjarverandi: Haraldur L. Haraldsson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

- 1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – viðræður við innanríkisráðherra um mögulegt samstarf ríkisins og sveitarfélaganna um þróun og uppbyggingu Borgarlínunnar /1510007**  
Fundinn sátu undir þessum lið Hrafnkell A. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri innanríkisráðuneytis, Þorsteinn R. Hermansson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar og Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Fyrirhuguð var sérstök yfirferð yfir ofangreint fundarefni með innanríkisráðherra sem forfallaðist á síðustu stundu.

Málið var engu að síður tekið til umræðu á fundinum.

Hrafnkell og Þorsteinn gerðu grein fyrir því lykilhlutverki sem áformuð Borgarlína gegnir í þeirri byggðaðróun sem gert er ráð fyrir í nágildandi svæðisskipulagi og drógu fram þau viðfangsefni sem framundan eru við að ljúka ákvörðun um staðfestingu á endanlegri legu línunnar í skipulagi sveitarfélaganna og þeim viðfangsefnum sem hefjast þarf handa við vegna undirbúnings við framkvæmdir við uppbyggingu línunnar og vegna aksturs og farþegaþjónustu í nýju leiðarkerfi þegar línan verður tilbúin til notkunar.

Ennfremur lá fyrir fundinum tillaga að sérstökum kynnisferðum til Evrópu og Kanada til öflunar upplýsinga um reynslu þeirra sem nýlega hafa tekist á við hliðstæð verkefni og framundan eru hér vegna Borgarlínunnar.

Umræður

### Niðurstaða:

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra og svæðisskipulagsstjóra að vinna frekar að skipulagi kynnisferðar í samræmi við umræður á fundinum. Stefnt er að einni ferð síðari hluta septembermánaðar með þátttöku stjórnarmanna SSH/framkvæmdastjóra sveitarfélaganna, starfsmanna SSH, fulltrúa innanríkisráðuneytis og vegamálastjóra, fulltrúa Strætó bs. og samgöngustjóra Reykjavíkurborgar.

- 2. Kjarasamningar við grunnskólakennara /1504009**  
Á fundinn mættu undir þessum dagskrárlið Atli Atlason frá Reykjavíkurborg og Bjarni Ómar Haraldsson frá SNS og gerðu grein fyrir stöðu í samningaviðræðum við félag grunnskólakennara.



**3. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins – skipun og boðun fundar samráðsvettvangs sbr. 4. grein samnings frá 10. febrúar 2015 /1501010**

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH frá 15. ágúst 2016 ásamt eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að stjórn SSH skipi formlega samráðsvettvang vegna sóknaráætlunar í samræmi við 4. grein samnings frá 10. febrúar 2015, sem verði þannig skipaður:

Fulltrúaráð SSH (30 kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga SSH)

Fulltrúar neðangreindra stofnana, atvinnulífs og félags- og grasrótarsamtaka:

Akureyrarbær

Arkitektafélag Íslands

ASÍ

Bandalag íslenskra listamanna

CCP

Félags- og mannvísindadeild HÍ

Heimili og skóli

Icelandair

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Samband íslenskra framhaldsskólanema

Samband íslenskra sveitarfélaga

Samband sveitarfélaga á suðurnesjum

Samtök atvinnulífsins

Samtök sveitarfélaga á vesturlandi

Samtök sunnleskra sveitarfélaga

Skipulagsstofnun

Stúdentaráð HÍ

Vinnumálastofnun

Fulltrúi Bygðastofnunar (Í ljósi yfirstandandi vinnu við mótun byggðastefnu sem tekur til alls landsins)

Stefnt verði að fyrsta fundi samráðsvettvangsins fyrir lok októbermánaðar.

Tillagan samþykkt, og framkvæmdastjóra falið að kalla eftir tilnefningu í samræmi við ofanritað og undirbúa fyrsta fund samráðsvettvangsins.

**4. Önnur mál:**

- a) Eigendafundur byggðasamlaganna Strætó bs. og SORPU bs. /1608003 /1608004  
Framkvæmdastjóra falið að boða eigendafundi Strætó bs. og SORPU bs. mánudaginn 5. september nk. vegna undirbúnings að fjárhagsáætlun byggðasamlaganna 2017 sbr. ákvæði í eigendastefnu byggðasamlaganna

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10